

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 51/1985. **Dómsmálaráðherra**

gegn

héraðsdómurinum Valtý Sigurðssyni

Garðari Gíslasyni og

Má Péturssyni.

Kærumál. Þóknun meðdómsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Dómsmálaráðherra hefur með heimild í 8. málsgrein 37. A. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, kært til Hæstaréttar ákvörðun Valtýs Sigurðssonar héraðsdómara í Gullbringusýslu um þóknun meðdómsmannanna Garðars Gíslasonar borgardómara og Más Péturssonar héraðsdómara í aukadómþingsmálinu nr. 277/1983. Stefnendur máls þessa eru Sigurður Eiríksson o.fl. eigendur tiltekinna jarða, en stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Krafa stefnenda var sú, að viðurkennt yrði með dómi, að „yfirlýst eignarnám utanríkisráðherra á beitaréttindum ofangreindra jarða á Miðnesheiði hinn 13. desember 1982 sé ólögmætt og skuli því eigi fram fara“. Dómur gekk í málinu 27. janúar 1985. Með ákvörðun, sem skráð var á þar til gert eyðublað 11. febrúar 1985, mælti Valtýr Sigurðsson svo fyrir, að þóknun meðdómsmannna skyldi vera 27.000,00 krónur til hvors. Ritaði hann dómsmálaráðuneytinu daginn eftir um þetta atriði, og barst bréfið ráðuneytinu 14. febrúar. Hinn 27. febrúar kærði ráðuneytið ákvörðunina og krafðist þess aðallega, að hún yrði felld úr gildi, en til vara, að þóknun yrði lækkuð.

Um málsástæður segir svo í kærú ráðuneytisins:

„...Um meðdómsmenn eru ákvæði í 37. A. gr. eml. Meðdómsmenn í máli þessu eru embættisdómarar. Ráðuneytið telur að þegar embættisdómari er kvaddur til setu í dómi með öðrum dómara sé sá starfi hluti embættisstarfa dómarsins. Sé slíkt starf ekki meðdómsmannastarf sem ákvarða skuli þóknun fyrir. Ekki er kunnugt hvort leitað var samþykkis forstöðumanns embættis til kvaðningar. Ráðuneytið telur að ekki hafi legið fyrir nægar ástæður til að kveðja til meðdómsmenn í málinu, hvorki samkvæmt 1. né 2. málsg. Hafi nauðsyn borið til að kveðja löglærða meðdómsmenn til hefði mátt kveðja til dómara eða dómarafulltrúa við embættið.

Verði ekki fallist á að fella hina kærðu ákvörðun um þóknun úr gildi er þess krafist að þóknunin verði lækkuð verulega, en dómurinum var eigi skylt að gegna meðdómsmannastörfum, sbr. 4. málsg.

Vísað er til greinargerðar (athugasemda) með frumvarpi að lögum nr. 28/1981.“

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, þar sem segir m.a.:

„Að mati héraðsdómarsins er mál þetta all umfangsmikið. Þá má telja sakarefnið mikilvægt frá almennu sjónarmiði og fyrir aðila. Rétt var því og skylt að kveðja til meðdómendur við meðferð þess fyrir dómi, svo sem 2. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936 gerir ráð fyrir.

Að fengnu samþykki forstöðumanns embættisins voru embættisdómarar sem starfa utan embættisins kvaddir til setu í dóminum enda er val meðdómenda háð ákvörðun dómara skv. 2. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936.

Telja verður að embættisdómarar sem kvaddir eru til setu í dómi skv. nefndri lagagrein séu meðdómsmenn í skilningi 37. A. gr. laganna. Þeim var því úrskurðuð greiðsla fyrir störf sín sbr. 8. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936.

Með hliðsjón af þessu eru röksemdir dómsmálaráðuneytisins í fram kominni kærú fjarri lagi og ekki á lögum byggðar.

Dómsstörfin reyndust all tímaflek. Dómarar hittust bæði í Keflavík og Reykjavík við samningu dómsins og þá oftast eftir venjubundinn vinnutíma. Þá unnu dómarar eina helgi alfarið við samn-

ingu dómsins. Í starfið fóru að mati héraðsdómara 90 klst., sem gera á tímakaupi kr. 300/- samtals kr. 27.000.- sem taldist hæfileg þóknun.“

Már Pétursson héraðsdómari hefur sent Hæstarétti greinargerð. Hann krefst þess, að dómkröfum sóknaraðilja verði hrundið. Í greinargerðinni fjallar hann um skýringu á ákvæði 2. málsgreinar 37. A. gr. einkamálalaga um kvaðningu embættisdómara eða fulltrúa til meðdómsmannsstarfa. Ber hann það saman við 5. gr., 3. mgr., laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 og segir m.a. í því sambandi:

„Hér er meginmunur á. Samkvæmt fyrrgreinda ákvæðinu eru það yfirsakadómari eða dómsmálaráðherra sem kveðja til samdómendur en samkvæmt því síðargreinda dómari sá sem með málið fer. Augljóst er að samdómandastarf skv. 3. mgr. 5. gr. oml. er starfskylda rækt innan viðkomandi embættis (3. mgr. tekur aðeins til Sakadóms Reykjavíkur) að boði forstöðumanns embættis eða ráðherra. Meðdómandastarf skv. 2. tl. 37. gr. A er ekki starfskylda (kærandi bendir réttilega á það sjálfur í kærunni þegar hann vísar til 4. tl. 37. gr. A eml.) og það er ekki rækt að boði forstöðumanns, enda ekki bundið við þann dómstól þar sem viðkomandi meðdómandi starfar, það er ekkert því til fyrirstöðu að dómarar af öðrum embættum séu til kvaddir og yfirmaður þess embættis þar sem málið er rekið hefur að sjálfsögðu ekkert yfir þeim að segja um úthlutun verkefna.“

Varnaraðilinn Már Pétursson fjallar einnig í greinargerð sinni um fjárhæð þóknunar og segir, að meðdómsmennirnir hafi ekki framvísað reikningsgerð. Hafi héraðsdómara verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um, „hver væri hæfilegur tími til þess að lesa yfir skjöl og athuga réttarheimildir, áður en fyrst var þingað, hver var fjöldi þinghalda og hve langan tíma þau tóku, svo og hvaða vinnu meðdómendur lögðu af mörkum frá dómtöku til dómsuppsögu“.

Frá varnaraðiljanum Garðari Gíslasyni borgardómara hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Skv. 37. A. gr., 2. mgr., einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, mátti Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kalla til embættisdómara sem meðdómsmenn, eins og hann gerði í auka-dómpingsmálinu nr. 277/1983, enda hafði hann fengið til þess sam-

þykki forstöðumanns sýslumannsembættisins í Gullbringusýslu. Ber að greiða meðdómsmönnum þóknun, og þykir þóknun þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 16.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Þóknun meðdómsmannanna Garðars Gíslasonar og Más Péturssonar í aukadómþingsmáli nr. 277/1983 í Gullbringusýslu skal vera 16.000,00 til hvors.

Mánudaginn 1. apríl 1985.

Nr. 75/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Páli Konráði Konráðssyni Þormar

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. mars 1985, sem barst Hæstarétti 28. s.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.